

118. fundur skráningarráðs haldinn 26. mars 2019 kl. 9:30-10:30 í húsakynnum Landskerfis bókasafna.

Fundarmenn: Áslaug Þorfinnsdóttir, Helga Kristín Gunnarsdóttir, Rósa S. Jónsdóttir (formaður) og Þóra Sigurbjörnsdóttir (fundarritari).

Auk þess sat fundinn Hallfríður Hr. Kristjánsdóttir gæðastjóri Gegnis.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

2. Fræðslufundur skrásetjara

Fræðslufundur skrásetjara verður haldinn 10. maí kl. 10-12 í Þjóðarbókhöð. Dagskrá fundarins er í mótun.

3. Starfshópur um skráningu á lögum og reglugerðum

Samþykkt að koma á fót starfshópi um skráningu á lögum og reglugerðum. Það vantar leiðbeiningar um skráningu á þessu efni í handbók skrásetjara. Leitað verður til skrásetjara sem skrá þetta efni.

4. Vinnulag skráningarráðs vegna breytinga / þýðinga úr RDA-Toolkit

Nýverið var hlutverkinu Ritstjóri breytt í Ritstjórn. Fleiri breytingar eru í vinnslu og fleiri hlutverk verða tekin upp. Fundarmenn sammála um að þýðingarteymi þurfi ekki samþykkt skráningarráðs við upptöku nýrra hlutverka en nauðsynlegt að kynna á Vöndu.

Rætt um skráningu vensla í 7XX sviðum. Hversu margar tegundir vensla þarf að skrá. Um er að ræða vensl milli hugverka og vensl útfærslu við hugverk. Þýðingarhópi falið að móta tillögur og kalla til sín skrásetjara eftir þörfum. Þýðingarhópur leggur tillögurnar fyrir skráningarráð.

- Næsti fundur boðaður 30. apríl kl. 9:30